

## AFKOMA Í TAKT VIÐ VÆNTINGAR

- Heildartekjur jukust um 5% milli ára og námu 222,4 milljónum USD.
- EBITDA neikvæð um 16,2 milljónir USD.
- Áframhaldandi þrýstingur á meðalfargjöld.
- 14% fjölgun farþega í millilandaflugi og sætanýting góð. Farþegaaukning var mest á markaðnum yfir N-Atlantshafið eða 40%.
- Tekjur af hótलगistingu nær tvöfaldast milli ára, námu 10,4 milljónum USD samanborið við 5,4 milljónir USD á fyrsta ársfjórðungi 2016.
- Eiginfjárlutfall var 36% í lok mars.
- Handbært fé og skammtímaverðbréf nema 322,8 milljónum USD og eru 42,3 milljónir USD umfram vaxtaberandi skuldir.
- EBITDA spá hækkuð í 145-155 milljónir USD.

Þúsundir USD	1. ársfj. 2017	1. ársfj. 2016	Breyt.	% Breyt.	12 mán. 2016
<b>Rekstrarreikningur</b>					
Heildartekjur	222.372	211.837	10.535	5%	1.285.574
EBITDAR	-7.890	10.160	-18.050	-	254.960
EBITDA	-16.241	1.754	-17.995	-	219.845
EBIT	-42.128	-20.014	-22.114	-	118.437
EBT	-43.602	-21.284	-22.318	-	120.111
Tap tímabilsins	-34.895	-16.996	-17.899	-	89.068
<b>Efnahagsreikningur</b>					
Heildareignir	1.415.728	1.152.537	263.191	23%	1.292.493
Eigið fé	505.054	421.742	83.312	20%	568.213
Vaxtaberandi skuldir	280.531	62.928	217.603	-	242.382
Handbært fé og markaðsverðbréf	322.850	301.684	21.166	7%	250.125
Handbært fé umfram vaxtaberandi skuldir	42.319	238.756	-196.437	-82%	7.743
<b>Sjóðstreymi</b>					
Veltufé til/frá rekstri	-15.555	3.023	-18.578	-	210.801
Handbært fé frá rekstri	125.497	148.792	-23.295	-16%	209.024
Fjárfestingahreyfingar	-75.782	-99.785	24.003	-24%	-291.759
Fjármögnunarhreyfingar	23.520	-3.311	26.831	-	113.643
Handbært fé í lok tímabils	300.172	241.816	58.356	24%	226.889
<b>Lykiltölur</b>					
Afkoma USD cent á hlut	-0,71	-0,34	-0,37	-	1,79
Innra virði hlutafjár	12,65	10,39	2,26	22%	13,99
Eiginfjárlutfall	36%	37%	-1,3 %-stig	-	44%
Veltufjárlutfall	0,88	0,74	0,14	19%	0,92
Fjárfestingar, þúsundir USD	47.280	56.718	-9.438	-17%	243.397
Flutningatekjur % af heildartekjum	67,0%	67,0%	0,1 %-stig	-	73,7%
EBITDAR hlutfall	-3,5%	4,8%	-8,3 %-stig	-	19,8%
EBITDA hlutfall	-7,3%	0,8%	-8,1 %-stig	-	17,1%
<b>Hlutabréf íslenskar krónur</b>					
Hæsta verð á tímabili	23,53	38,35	-14,82	-39%	38,90
Lægsta verð á tímabili	13,75	32,65	-18,90	-58%	22,95
Lokaverð tímabils	13,91	37,55	-23,64	-63%	23,10
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	69.550	187.750	-118.200	-63%	115.500

## **BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI**

---

Afkoma fyrsta ársfjórðungs er í samræmi við afkomuáætlun sem við kynntum í byrjun febrúar. Við höfum gripið til margvíslegra aðgerða í rekstrinum til að ná fram hagræðingu og auknum tekjum. Vinna við þær aðgerðir gengur vel og í samræmi við áætlanir okkar. Við erum þess fullviss að við munum ná því markmiði sem við kynntum; að bæta afkomu félagsins um 30 milljónir USD á ársgrundvelli, þegar aðgerðirnar verða komnar að fullu til framkvæmda í ársbyrjun 2018.

Breyting á afkomumilli ára skýrist aðallega af lægri meðalverðum í millilandaflugi. Þá hefur gengispróun verið félaginu óhagstæð. Tekjur af hótulgistingu aukast töluvert milli ára og nýtingin hefur aldrei verið betri á fyrsta ársfjórðungi þrátt fyrir framboðsaukningu.

Bókunarflæði er sterkt en vegna þrýstings á meðalfargjöld gerum við ráð fyrir krefjandi rekstrarskilyrðum í flugrekstri á árinu. Engu að síður gerum við ráð fyrir hóflegum vexti; spáð er áframhaldandi fjölgun ferðamanna til Íslands, nýjum áfangastöðum hefur verið bætt við, horfur í hótulrekstri eru góðar og frakt starfsemi félagsins gengur vel. Fjárhagsstaða félagsins er mjög sterk og það er því vel í stakk búið til að takast á við sveiflur og nýta þau tækifæri sem gefast á mörkuðum. Frá síðustu afkomuspá hafa ytri aðstæður í rekstri félagsins batnað og uppfærum við því EBITDA spá okkar fyrir árið í 145-155 milljónir USD.

## FLUTNINGATÖLUR

- Farþegar Icelandair voru 658 þúsund og fjölgaði um 14%.
- Sætanýting í millilandaflugi var 77,5% og lækkaði um 1,8% milli ára.
- Herbergjanýting á hótélum félagsins var góð, 80,1% og jókst um 5,0 prósentustig milli ára.

	1. ársfj. 2017	1. ársfj. 2016	% br.
<b>ICELANDAIR</b>			
Farþegafjöldi ('000)	657,5	575,0	14%
Sætanýting (%)	77,5	79,4	-1,8 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	2.566,6	2.140,2	20%
<b>FLUGFÉLAG ÍSLANDS</b>			
Farþegafjöldi ('000)	71,8	67,0	7%
Sætanýting (%)	64,1	71,9	-7,8 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	38,8	30,9	26%
<b>LEIGUFLUG</b>			
Flotanýting (%)	96,3	97,8	-1,5 %-stig
Seldir blokk tímar	6.132	6.173	-1%
<b>FRAKTFLUTNINGAR</b>			
Seldir tonn kílómetrar ('000)	24.927	26.510	-6%
<b>HÓTEL</b>			
Framboðnar gistinætur	80.730	71.435	13%
Seldar gistinætur	64.657	53.671	20%
Herbergjanýting (%)	80,1	75,1	5,0 %-stig

Framboð Icelandair jókst um 20% á fyrsta ársfjórðungi. Farþegar voru 658 þúsund og fjölgaði um 14% samanborið við fyrsta ársfjórðung á síðasta ári. Farþegaaukning var mest á markaðnum yfir N-Atlantshafið eða 40%. Aukningin á ferðamannamarkaðnum til Íslands nam 6% en sá markaður var einnig stærsti markaður félagsins í fjórðungnum með 45% af heildarfarþegafjölda. Fjöldi farþega á heimamarkaðnum frá Íslandi dróst saman um 12% á milli ára. Sætanýting var 77,5% og lækkaði um 1,8 prósentustig á milli ára.

Farþegar Flugfélags Íslands voru um 72 þúsund á fjórðungnum og fjölgaði um 7% miðað við síðasta ár. Framboð var 26% meira en á sama tímabili í fyrra og skýrist það af flugi til Aberdeen sem flogið er í samstarfi við Icelandair og hófst í mars 2016. Sætanýting í fjórðungnum nam 64,1%. Seldum blokk tímum í leiguflugi fækkaði um 1% á milli ára. Flutt frakt dróst saman um 6% frá fyrra ári. Skýrist það af sjómannaverkfalli á Íslandi í upphafi ársins. Fjöldi seldra gistinátta jókst um 20% á milli ára, herbergjanýting var 80,1% og jókst um 5,0 prósentustig.

## ÞRÓUN GJALDMIÐLA

Uppgjörsmýnt Icelandair Group er USD, en þar sem félagið starfar og selur þjónustu víða um heim þá hefur þróun annarra gjaldmiðla gagnvart USD töluverð áhrif á afkomu félagsins. Á fyrsta ársfjórðungi 2017 veiktist USD gagnvart ISK en styrktist gagnvart öðrum helstu viðskiptamyntum félagsins samanborið við fyrsta ársfjórðung 2016. Þannig er ISK á fyrsta ársfjórðungi nú 15% sterkari gagnvart USD en EUR 16% veikari. Tekjur á Q1 2017 eru 5% hærri en á sama tíma árið 2016. Á föstu gengi hækka tekjurnar um 6% milli ára.

Mynt	Meðalgengi 1. ársfj. '17	Breyting frá 1. ársfj. '16	Lokagengi 31.03 '17	Breyting frá 31.03 '16
ISK	0,009	15%	0,009	9%
EUR	1,065	-16%	1,069	-14%
GBP	1,238	-25%	1,252	-20%
CAD	0,756	-10%	0,750	-11%
DKK	0,143	-16%	0,144	-14%
NOK	0,119	-11%	0,116	-12%
SEK	0,112	-17%	0,112	-17%

## REKSTUR FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS

Þúsundir USD	1. ársfj. '17	1. ársfj. '16	breyting
EBITDAR	-7.890	10.160	-18.050
EBITDA	-16.241	1.754	-17.995
EBIT	-42.128	-20.014	-22.114
EBT	-43.602	-21.284	-22.318
Tap tímabilsins	-34.895	-16.996	-17.899
EBITDAR %	-3,5%	4,8%	-8,3 %-stig
EBITDA %	-7,3%	0,8%	-8,1 %-stig

Í byrjun febrúar 2017 sendi félagið frá sér tilkynningu þar sem fram kom að gert væri ráð fyrir lakari afkomu á árinu 2017 en á árinu 2016. Þetta endurspeglast í afkomu fyrsta ársfjórðungs, þar sem EBITDA var neikvæð um 16,2 milljónir USD. EBITDA hlutfall var neikvætt um 7,3% en var jákvætt um 0,8% á sama tímabili á síðasta ári. Versnandi afkomu má helst rekja til lækkun meðalfargjalda en á fyrsta ársfjórðungi lækka meðalfargjöld um 13% á milli ára. Lækkunin er mest á markaðnum milli N-Ameríku og Evrópu. Gengisþróun veldur jafnframt versnandi afkomu milli ára og sjómannaverkfall á Íslandi fyrstu 2 mánuði ársins hafði neikvæð áhrif á fraktstarfsemi félagsins. Útflutningur dróst saman um 18% á milli ára á tímabilinu.

Fjöldi ferðamanna til Íslands jókst mikið á milli ára eða um 54%. Það hafði góð áhrif á afkomu hótela félagsins, en fjöldi seldra gistinóttá jókst um 20% frá fyrra ári og meðalverð hvernar gistinætur hækkaði samanborið við fyrsta ársfjórðung síðasta árs. Ferðamannastraumurinn hafði jákvæð áhrif á tekjur af annarri ferðatengdri þjónustu félagsins, en mikil styrking krónunnar vegur þar á móti þar sem kostnaðarhlutföll hækka. Önnur starfsemi samstæðunnar gekk vel á tímabilinu.

## TEKJUR

- Heildartekjur voru 5% hærrí en á fyrsta ársfjórðungi 2016.
- Farþegatekjur jukust um 4% á milli ára.

Þúsundir USD	1. ársfj. '17	1. ársfj. '16	Breyting	% breyting	% af tekjum
Flutningatekjur:	149.056	141.858	7.198	5%	67%
Farþegaflug	136.496	130.829	5.667	4%	61%
Vöru- og póstflutningar	12.560	11.029	1.531	14%	6%
Flugvéla- og áhafnaleiga	20.627	26.337	-5.710	-22%	9%
Aðrar rekstrartekjur	52.689	43.642	9.047	21%	24%
<b>Samtals</b>	<b>222.372</b>	<b>211.837</b>	<b>10.535</b>	<b>5%</b>	<b>100%</b>

Heildartekjur jukust um 5% á milli ára en tekjuaukningin á föstu gengi er 6%. Flutningatekjur jukust um 7,2 milljónir USD eða um 5% á milli ára. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu drógust saman um 6,0 milljónir

USD eða 22%. Aðrar rekstrartekjur námu 52,7 milljónum USD og jukust um 9,0 milljónir USD eða um 21% miðað við fyrsta ársfjórðung 2016. Skýrist það að mestu leyti af auknum tekjum af ferðapjónustu og hótalgistingu. Tekjur af hótalgistingu nær tvöfölduðust á milli ára, voru 5,4 milljónir USD á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs samanborið við 10,4 milljónir USD í ár. Bæði hefur herbergjanýting aukist töluvert á milli ára og eins hefur náðst góður árangur í að hækka meðalverð seldra gistinóttu. Afgreiðslu- og þjónustutekjur af flugfrakt lækkuðu á milli ára um 3,3 milljónir USD eða 45%. Frá og með 1. júní 2016 var hluti af afgreiðslu- og þjónustutekjum af flugfrakt skilgreint sem frakttækjur og skýrir það lækkunina.

Þúsundir USD	1. ársfj. '17	1. ársfj. '16	breyting	% breyting
Vörusala á hótelum, flugvöllum og flugvélum	21.570	14.767	6.803	46%
Tekjur af ferðapjónustu	19.803	16.303	3.500	21%
Afgreiðslu- og þjónustutekjur af flugfrakt	3.998	7.280	-3.282	-45%
Seld viðhaldspjónusta	652	371	281	76%
Aðrar rekstrartekjur	6.666	4.921	1.745	35%
<b>Samtals</b>	<b>52.689</b>	<b>43.642</b>	<b>9.047</b>	<b>21%</b>

## KOSTNAÐUR

- Heildarkostnaður nam 238,6 milljónum USD.
- Helstu skýringar á auknum kostnaði er aukið umfang og styrking íslensku krónunnar.

Þúsundir USD	1. ársfj. '17	1. ársfj. '16	breyting	% breyting	% af kostn.
Laun og annar starfsmannakostnaður	86.261	70.832	15.429	22%	36%
Flugtengdur kostnaður	81.546	80.136	1.410	2%	34%
Annar rekstrarkostnaður	70.806	59.115	11.691	20%	30%
<b>Samtals</b>	<b>238.613</b>	<b>210.083</b>	<b>28.530</b>	<b>14%</b>	<b>100%</b>

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður námu 86,3 milljónum USD samanborið við 70,8 milljónir USD á fyrsta fjórðungi síðasta árs. Skýrist hækkunin af auknu umfangi og styrkingu krónunnar á móti USD á samanburðartímabilinu, en stærstur hluti launakostnaðar félagsins er í ISK. Jákvæðar gengisvarnir sem koma til lækunar á launakostnaði fjórðungsins nema USD 4,1 milljón USD.

Þúsundir USD	1. ársfj. '17	1. ársfj. '16	breyting	% breyting	% af kostn.
Eldsneytiskostnaður	37.857	34.124	3.733	11%	46%
Flugvélaleiga	5.575	5.418	157	3%	7%
Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld	20.286	19.643	643	3%	25%
Viðhaldskostnaður flugvéla	17.828	20.951	-3.123	-15%	22%
<b>Samtals</b>	<b>81.546</b>	<b>80.136</b>	<b>1.410</b>	<b>2%</b>	<b>100%</b>

Eldsneytiskostnaður nam samtals 37,9 milljónum USD og jókst um 3,7 milljónir USD eða 11% frá sama tíma í fyrra. Uppgjörsverð félagsins að teknu tilliti til varna á fjórðungnum var að meðaltali 443 USD/tonn, sem er 9% lækun á milli ára. Yfirlit yfir stöðu eldsneytisvarna félagsins í lok mars er dregið fram í kaflanum „Horfur í rekstri Icelandair Group hf. og afkomuspá“ hér á eftir. Flugvélaleiga nam 5,6 milljónum USD og hækkaði lítillega í samanburði við fyrsta ársfjórðung 2016. Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld jukust lítillega eða um 3% þrátt fyrir að framleiðslan hafi aukist umfram það. Skýrist það að mestu af styrkingu USD gagnvart Evrópumyntum. Viðhaldskostnaður nam 17,8 milljónum USD og lækkaði um 3,1 milljón USD.

Annar rekstrarkostnaður nam 70,8 milljónum USD og jókst um 11,7 milljónir USD á milli ára. Bókunargjöld, kreditkortapóknun og umboðslaun aukast ekki í samræmi við aukið umfang á háönn, skýring þess er að bókanir berast nú seinna og nær brottför en áður. Aðkeypt þjónusta í ferðapjónustu

eykst mikið vegna aukins umfangs, en einnig hefur styrking krónunnar áhrif til hækkunar. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

Þúsundir USD	1. ársfj. '17	1. ársfj. '16	breyting	% breyting
Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga	6,509	5,685	824	14%
Samskiptakostnaður	5,979	4,889	1,090	22%
Auglýsingakostnaður	8,490	7,520	970	13%
Bókunargj., kreditkortabók. og umboðslaun	16,098	15,364	734	5%
Kostnaðarverð seldra vara	5,871	4,848	1,023	21%
Þjónusta við farþega og hótलगesti	6,186	5,340	846	16%
Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu	12,717	8,312	4,405	53%
Annar rekstrarkostnaður	8,956	7,157	1,799	25%
<b>Samtals</b>	<b>70,806</b>	<b>59,115</b>	<b>11,691</b>	<b>20%</b>

## FJÁRMAGNSLIÐIR

- **Gengisáhrif voru jákvæð á tímabilinu.**

Þúsundir USD	1. ársfj. '17	1. ársfj. '16	breyting	% breyting
Fjármagnstekjur	612	720	-108	-15%
Fjármagnsgjöld	-3.410	-1.128	-2.282	-
Gengisáhrif	854	-917	1.771	-
<b>Samtals</b>	<b>-1.944</b>	<b>-1.325</b>	<b>-619</b>	<b>-</b>

Fjármagnsgjöld á fyrsta ársfjórðungi námu 3,4 milljónum USD samanborið við 1,1 milljón USD á fyrsta fjórðungi síðasta árs. Aukin fjármagnsgjöld skýrast af hækkun vaxtaberandi skulda. Gengisáhrif á fjórðungnum voru jákvæð að fjárhæð 0,9 milljónir USD, en voru neikvæð að fjárhæð 0,9 milljónum USD á sama tímabili árið 2016.

## EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- **Heildareignir námu 1,4 milljörðum USD í lok fyrsta ársfjórðungs.**
- **Eiginfjárlutfall var 36%.**
- **Vaxtaberandi skuldir námu 280,5 milljónum USD.**

Þúsundir USD	31.03.2017	31.12.2016	Breyting
Heildareignir	1.415.728	1.292.493	123.235
Rekstrarfjármunir	620.707	602.615	18.092
Handbært fé og markaðsverðbréf	322.850	250.125	72.725
Eigið fé	505.054	568.213	-63.159
Vaxtaberandi skuldir	280.531	242.382	38.149
Handbært fé umfram vaxtaberandi skuldir	42.319	7.743	-34.576
Eiginfjárlutfall	36%	44%	-8 ppt
Veltufjárlutfall	0,88	0,92	-4%

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 620,7 milljónum USD og jukust um 18,1 milljón USD frá ársbyrjun. Sjá nánari umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum undir kaflanum um fjárfestingar hér á eftir. Í lok fjórðungsins voru 48 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 40 í eigu félagsins. Fokker F-50 vélar félagsins voru seldar 21. apríl 2017. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir flota félagsins í lok fyrsta ársfjórðungs.

Flugvélagerð	Icelandair	Cargo	Loftleiðir	Flugfél. Íslands	Flugfloti 31.03.17	Flugfloti 31.12.16	Eigin vélar	Leigu- vélar	Breyt. frá 31.12.16
Boeing 757 200	23	2	4		29	29	26	3	0
Boeing 757 300	1				1	1	1		0
Boeing 767 300	4		2		6	6	4	2	0
Boeing 737 700			1		1	1		1	0
Boeing 737 800			2		2	2		2	0
Bombardier Q200				2	2	2	2		0
Bombardier Q400				3	3	3	3		0
Fokker F-50				4	4	4	4		0
<b>Total</b>	<b>28</b>	<b>2</b>	<b>9</b>	<b>9</b>	<b>48</b>	<b>48</b>	<b>40</b>	<b>8</b>	<b>0</b>

Eigið fé nam 505,1 milljón USD í lok fyrsta ársfjórðungs og eiginfjárlutfallið var 36%. Kaup á eigin bréfum komu til lækkunar á eigin fé að fjárhæð 10,0 milljónum USD ásamt arðgreiðslu sem samþykkt var á aðalfundi í mars. Arðurinn nam 0,10 US cent á hvern hlut og var samtals 5,0 milljónir USD. Í árslok 2016 var eiginfjárlutfallið 44%.

<b>Þúsundir USD</b>	<b>31.03.2017</b>
Eigið fé 1.1. 2017	568.213
Kaup á eigin bréfum	-10.019
Afkoma tímabilsins	-48.096
Arðgreiðsla (0.10 US cent á hlut)	-5.044
<b>Eigið fé 31.03. 2017</b>	<b>505.054</b>

Vaxtaberandi skuldir námu 280,5 milljónum USD, samanborið við 242,4 milljónir USD í ársbyrjun. Í október 2016 gaf Icelandair Group út óveðtryggð skuldabréf að fjárhæð 150 milljónir USD. Skuldabréfin eru til fimm ára og bera 3,5% vexti, ofan á þriggja mánaða LIBOR-vexti, án vaxtagólfis. Í febrúar 2017 lauk félagið við framhaldsútgáfu skuldabréfanna að fjárhæð 40,0 milljónir USD með sömu skilmálum. Afborganir langtímaskulda á fyrsta ársfjórðungi námu 3,7 milljónum USD. Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 322,9 milljónum USD í lok fyrsta ársfjórðungs 2017 samanborið við 250,1 milljón USD í byrjun árs. Handbært fé og markaðsverðbréf fé umfram vaxtaberandi skuldir voru því 42,3 milljónir USD í lok fjórðungsins.

<b>Þúsundir USD</b>	<b>31.03.2017</b>	<b>31.12.2016</b>	<b>breyting</b>
Vaxtaberandi langtímaskuldir	233.744	196.722	37.022
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	46.787	45.660	1.127
Markaðsverðbréf	22.678	23.236	-558
Handbært fé	300.172	226.889	73.283
<b>Handbært fé umfram vaxtaberandi skuldir</b>	<b>42.319</b>	<b>7.743</b>	<b>34.576</b>

## SJÓÐSTREYMI

- **Handbært fé frá rekstri nam 125,5 milljónum USD.**
- **Handbært fé í lok mars var 300,2 milljónir USD.**

Þúsundir USD	1. ársfj. '17	1. ársfj. '16	breyting
Veltufé til/frá rekstri	-15.555	3.023	-18.578
Handbært fé frá rekstri	125.497	148.792	-23.295
Fjárfestingahreyfingar	-75.782	-99.785	24.003
Fjármögnunarhreyfingar	23.520	-3.311	26.831
Handbært fé, breyting	73.235	45.696	27.539
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	<b>300.172</b>	<b>241.816</b>	<b>58.356</b>

Handbært fé frá rekstri á fyrsta ársfjórðungi nam 125,5 milljónum USD og var 23,3 milljónum USD lægra en á fyrsta ársfjórðungi 2016. Fjármögnunarhreyfingar námu alls 23,5 milljónum USD og má sjá yfirlit yfir þær hér að neðan:

Þúsundir USD	1. ársfj. '17	1. ársfj. '16	breyting
Kaup á eigin bréfum	-10.019	0	-10.019
Arðgreiðsla	-5.044	0	-5.044
Ný langtímalán	40.000	0	40.000
Afborganir langtímalána	-3.695	-3.311	-384
Ný skammtímalán	2.278	0	2.278
<b>Fjármögnunarhreyfingar alls</b>	<b>23.520</b>	<b>-3.311</b>	<b>26.831</b>

Handbært fé á fjórðungnum jókst um 73,2 milljónir USD og nam í lok mars 300,2 milljónum USD. Áhrif gengis á peningalegar eignir voru óveruleg.

## FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 47,3 milljónum USD, þar af var stærsti hlutinn vegna fjárfestinga í flugvélabúnaði, m.a. nýjum sætum og innréttingum. Á tímabilinu fjárfesti félagið jafnframt í stækkun flugskýlis á Keflavíkurlugvelli, í hóteli á Mývatni ásamt því að framkvæmdir hófust við nýjan flughermi. Fjárfestingar í langtímakostnaði og óefnislegum eignum námu alls 2,5 milljónum USD.

Þúsundir USD	1. ársfj. '17
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Flugvélar og fylgihlutir	14.271
Hreyflayfirhöl eigin vélar	10.494
Aðrar fjárfestingar	19.994
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	44.760
Langtímakostnaður	
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	840
Óefnislegar eignir	1.680
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>47.280</b>



## HORFUR Í REKSTRI OG AFKOMUSPÁ 2017

---

- **Innleiðing aðgerða sem skila eiga hagræðingu og auknum tekjum gengur vel.**
- **Útlit í hótélrekstri félagsins gott.**
- **Sterkt sjóðstreymi og mjög góð fjárhagsstaða**
- **Óbreytt rekstrarskilyrði í flugrekstri**

Mikil samkeppni og aukið framboð á Norður-Atlantshafinu hefur haft í för með sér töluverða lækkun meðalfargjalda. Þegar hefur verið gripið til aðgerða í rekstri samstæðunnar sem gert er ráð fyrir að skili hagræðingu og auknum tekjum. Markmið félagsins er að aðgerðir á tekju- og gjaldahlið muni skila bættri afkomu að fjárhæð 30 milljónir USD á ársgrundvelli þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda í byrjun árs 2018. Innleiðing þessara aðgerða gengur samkvæmt áætlun. Meðal aðgerða sem gripið hefur verið til eru breytingar á uppbyggingu á fargjöldum og vöruframboði Icelandair. Sölukerfi félagsins í Evrópu hefur verið endurskipulagt með lokun á nokkrum skrifstofum í Mið-Evrópu og Skandinavíu. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að fjölga um eina sætaröð um borð í B757-200 vélum, sem mun lækka einingakostnað félagsins um 2-3%. Endurskoðun ferla við flug- og farþegaafgreiðslu í Keflavík gengur vel en ráðgjafar á vegum IATA hafa aðstoðað við þá vinnu. Auk þessara aðgerða þá eru ýmis önnur hagræðingarverkefni í vinnslu í rekstrarfélögum samstæðunnar sem öll miða að því að gera félagið betur í stakk búið til að takast á við þær áskoranir og grípa þau tækifæri sem eru framundan.

Þrátt fyrir neikvæð áhrif sjómannaverkfalls í byrjun árs er útlit fyrir árið 2017 gott í fraktstarfsemi félagsins og er gert ráð fyrir aukinni eftirspurn bæði í út- og innflutningi. Áfram verður megináherslan á flutninga í lestarrými farþegavéla. Á þessu ári munu tvær Boeing 767-300 breiðþotur bætast við þær tvær sem fyrir voru í leiðakerfinu og auka framboðið í lestum enn frekar. Leiguflugstarfsemi félagsins gengur vel og er félagið með 8-9 vélar í langtímaverkefnum, mismunandi eftir árstíma.

Aukinn ferðamannastraumur til Íslands hefur skilað sér í auknum fjölda erlendra ferðamanna í innanlandsflugi og er áætlað að sú þróun muni halda áfram. Árið 2016 voru erlendir ferðamenn 18% af heildarfarþegafjölda í innanlandsflugi félagsins. Flugfélag Íslands mun á árinu fljúga til tveggja áfangastaða, Aberdeen í Skotlandi og Belfast á Norður-Írlandi í samstarfi við Icelandair. Í febrúar 2017 hóf félagið flug milli Keflavíkur og Akureyrar sem tengir við millilandaflug í Keflavík.

Mikil uppbygging hefur verið í hótélstarfsemi Icelandair Group undanfarin ár. Rekstrarútlit fyrir árið 2017 er gott og er gert ráð fyrir áframhaldandi góðri herbergjanýtingu.

Gert er ráð fyrir metfjölda ferðamanna til Íslands á árinu. Mikil eftirspurn er eftir ferðatengdri þjónustu félagsins á Íslandi, en töluverð styrking ISK á milli ára hefur þau áhrif að framlegð af þessari starfsemi verður ekki jafngóð og á síðasta ári.

Verð á þotueldsneyti (án tillits til varna) er áætlað 500 USD/tonn að meðaltali fyrir tímabilið á árinu 2017. Að teknu tilliti til varna má gera ráð fyrir að 10% hækkun á eldsneytisverði hafi neikvæð áhrif á EBITDA að fjárhæð USD 6,6 milljónir. Staða eldsneytisvarna í lok mars er dregin fram í töflunni hér á eftir.

Tímabil	Áætluð notkun (tonn)	Skipta-samningar	Hlutfall varið	Meðalverð skiptasamn. USD
Apr 17	26.412	19.550	74%	489
Maí 17	33.069	24.550	74%	493
Jún 17	46.659	26.550	57%	484
Júl 17	49.333	26.750	54%	500
Ágú 17	49.059	26.750	55%	502
Sep 17	42.618	23.550	55%	538
Okt 17	31.076	17.550	56%	516
Nóv 17	25.339	14.550	57%	547
Des 17	24.123	15.550	64%	552
Jan 18	23.582	14.000	59%	549
Feb 18	21.358	12.000	56%	556
Mar 18	25.396	15.000	59%	544
<b>12 mánuðir</b>	<b>398.024</b>	<b>236.350</b>	<b>59%</b>	<b>517*</b>
Apr 18	24.820	6.000	24%	546
Maí 18	32.428	3.000	9%	578
Jún 18	45.612	8.000	18%	548
Júl 18	47.934	4.000	8%	551
Ágú 18	47.607	4.000	8%	565
Sep 18	41.518	0	0%	-
<b>13-18 mánuðir</b>	<b>239.919</b>	<b>25.000</b>	<b>10%</b>	<b>554*</b>

\* Vegið meðalverð


Uppfærðar forsendur gera ráð fyrir að gengisvísitala ISK sé að meðaltali 156 það sem eftir lifir árs samanborið við 164 í síðustu spá og gengi EUR gagnvart USD er spáð að meðaltali 1,08 á tímabilinu apríl – desember samanborið við 1,07 í febrúarspánni.

Í heild hafa afkomuhorfur ársins batnað lítillega frá því að síðasta afkomuspá var birt og uppfærum við því EBITDA spá okkar fyrir árið í 145-155 milljónir USD.

## HLUTHAFAR

- Hlutabréfaverð Icelandair Group nam 13,91 krónum í lok fyrsta ársfjórðungs.
- Markaðsvirði í lok mars var 69,6 milljarðar króna.

Hæsta dagslokaverð á hvern hlut á fyrsta ársfjórðungi var 23,53 krónur, lágsta dagslokaverð á hvern hlut var 13,75 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 17,56 krónur á hvern hlut. Viðskipti með hlutabréf Icelandair Group námu alls 2.222 á fjórðungnum og heildarvelta nam 28,1 milljarði króna. Meðalupphæð hvers viðskipta var 12,6 milljónir króna. Hlutabréfaverð félagsins lækkaði um 39,8% á fjórðungnum og fjöldi hluthafa var 2.737 í lok hans og fjölgaði um 177 frá upphafi árs. Fjöldi útgefina hlutabréfa þann 31. mars 2017 var 5.000.000.000 og fjöldi útstandandi bréfa á sama tíma var 4.900.678.656. Á fyrsta ársfjórðungi 2017 keypti félagið 74.321.344 eigin hluti. Heildarfjárhæð kaupanna nam 1.094.443.522 ISK. Viðskiptin eru samkvæmt endurkaupaáætlun Icelandair Group hf. sem aðalfundur félagsins heimilaði þann 10. mars 2016 og var hrint í framkvæmd þann 20. febrúar 2017. Icelandair Group átti 25.000.000 eigin hluti fyrir viðskiptin. Í grafinu hér á eftir má sjá þröun hlutabréfaverðsins á árinu 2017 í ISK:



## KYNNINGARFUNDUR 28. APRÍL 2017

---

Icelandair Group birtir uppgjör sitt fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2017, fimmtudaginn 27. apríl 2017. Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 28. apríl 2017 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 08:30 í sal 2. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: [www.icelandairgroup.is](http://www.icelandairgroup.is) og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Hægt verður að fylgjast með fundinum beint á vefslóðinni:

<http://www.icelandairgroup.is/investors/reports-and-presentations/webcast-next/>

## SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

---

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors fyrsta ársfjórðungs 2017 var samþykktur á stjórnarfundum þann 27. apríl 2017.

## FJÁRHAGSDAGATAL

---

- Uppgjör 2. ársfjórðungs – 27. júlí, 2017
- Uppgjör 3. ársfjórðungs – 26. október, 2017
- Uppgjör 4. ársfjórðungs – vika 06, 2018
- Aðalfundur – vika 11, 2018

## FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

---

- Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801